

**Efni: Umsögn um frumvarp til laga um veiðigjald. Lagt fram á 149. löggjafarþing 2018–2019.
Þingskjal 144. — 144. mál. Stjórnarfrumvarp.**

Umsögn þessi varðar fyrirhugaða álagningu veiðigjalds á sjávargróður í fyrirbyggjandi frumvarpi. Í 8. gr. segir að veiðigjald á sjávargróður er sem hér segir: 500 kr. á hvert landað tonn klóþangs, hrossaþara og stórþara (blautvigt). Þessar fjárhæðir taka breytingum samkvæmt vísitölu neysluverðs frá septembermánuði 2015 fram að ákvörðunardegi skv. 4. gr. Ákvæðið varðandi sjávargróður var lögfest með nýlegri lagabreytingu, sbr. lög nr. 49/2017. Í 1. gr. frumvarpsins segir að veiðigjald sé lagt á í þeim tilgangi að mæta kostnaði ríkisins við rannsóknir, stjórn, eftirlit og umsjón með fiskveiðum og fiskvinnslu og til að tryggja þjóðinni í heild beina og sýnilega hlutdeild í afkomu við veiðar á nytjastofnum sjávar

Samkvæmt 1. gr. laga nr. 116/2006 um stjórn fiskveiða er markmið laganna að stuðla að *verndun og hagkvæmri nýtingu nytjastofna á Íslandsmiðum, sem eru sameign íslensku þjóðarinnar*. Samkvæmt 2. gr. tilheyra nytjastofnum, sem lögin taka til, sjávardýr, svo og sjávargróður, sem nytjuð eru og kunna að vera nytjuð í íslenskri fiskveiðilandhelgi og sérlög gilda ekki um. Gildandi lög um fiskveiðistjórnun taka fyrst og fremst til fiskveiða. Lög nr. 49/2017 sem breyttu m.a. lögum um veiðigjald, fólu í sér breytingar að því leyti að ákvæði eru sett í lögin um nýtingu sjávargróðurs, þ.e. þangs og þara, og var fyrst og fremst höfð í huga fyrirhuguð nýting í Breiðafirði. Það sem skýtur skökku við er að lagabreytingin var ekki einskorðuð við auðlindir í sameign þjóðarinnar heldur tekur jafnframt til auðlinda sem enginn ágreiningur er um að sé í einkaeign, þ.e. fyrst og fremst þang en einnig þara sem er í fjöru og netlögum landareigna. Hér er því reynt að heimfæra ákvæði laga sem eiga við um vernd og nýtingu auðlinda í þjóðareigu yfir á auðlindir sem enginn lögfræðilegur ágreiningur hefur verið um að teljist einkaeignarrétti undirorpinn.

Hér er verið að skattleggja landeigendur fyrir nýtingu á eigin eign. Veiðigjald getur ekki á nokkurn hátt átt við þangslátt. Þang er slegið af landareign en ekki veitt. Þang er í öllum tilfellum innan jarðamarka sjávarjarða þ.e. innan stórstraumsfjöruborðs. Þari er aftur á móti í sumum tilvikum utan netlaga og sumum tilvikum innan netlaga. Veiðigjald af þara utan netlaga er eina tilvikið sem gæti réttlætt innheimtu veiðigjalds. Veiðigjald er gjald sem rennur til þeirra sem auðlindina eiga. Landeigendur eru í öllum tilvikum eigendur þess lands þar sem þang vex. Sé veiðigjald innheimt ætti það því að renna til landeigandans.

Undirritaður telur að breytingin feli í sér ólögsmæta skerðingu á eignarrétti eigenda jarða sem liggja að sjó og nýtingu þeirra hlunninda sem þeim tilheyra. Lög um fiskveiðistjórnun og lög um veiðigjald er beinlínis ætlað að taka til auðlinda sem eru í sameign þjóðarinnar en ekki auðlinda í einkaeign, sbr. markmiðsákvæði laganna. Það brýtur því gegn stjórnarskrárvörðum eignarrétti 72. gr. stj.skr. að beita lögum þessum um auðlindir í einkaeign, m.a. við álagningu veiðigjalds. Um frekari rökstuðning er vísað til ábendingar um meinbugi á lögum sem send var Umboðsmanni Alþingis þann 10. október 2017.

Stykkishólmi, 19. október 2018

Erla Friðriksdóttir
Kt. 011268-5879

Umboðsmaður Alþingis
Þórshamri,
Templarásundi 5
101 Reykjavík

Efni: Ábending um meinbugi á lögum

Undirritaður, landeigandi við Breiðafjörð, vekur athygli Umboðsmanns Alþingis á þeim meinbugum sem felast í lögum nr. 49/2017, sbr. lög nr. 116/2006 um stjórn fiskveiða og lög nr. 74/2012 um veiðigjald og varða nýtingu sjávargróðurs, þ.e. þangs og þara. Lögin munu öðast gildi 1. janúar 2018.

Samkvæmt 1. gr. laga nr. 116/2006 um stjórn fiskveiða er markmið laganna að stuðla að *verndun og hagkvæmri nýtingu nytjastofna á Íslandsmiðum, sem eru sameign íslensku þjóðarinnar*. Samkvæmt 2. gr. tilheyra nytjastofnum, sem lögin taka til, sjávardýr, svo og sjávargróður, sem nytjuð eru og kunna að vera nytjuð í íslenskri fiskveiðilandhelgi og sérlög gilda ekki um. Gildandi lög um fiskveiðistjórnun taka fyrst og fremst til fiskveiða. Lög nr. 49/2017 fela í sér breytingar að því leyti að ákvæði eru sett í lögin um nýtingu sjávargróðurs, þ.e. þangs og þara, og er fyrst og fremst höfð í huga fyrirhuguð nýting í Breiðafirði. Það sem skýtur skökku við er að lagabreytingin er ekki einskorðuð við auðlindir í sameign þjóðarinnar heldur tekur jafnframt til auðlinda sem enginn ágreiningur er um að sé í einkaeign, þ.e. fyrst og fremst þang en einnig þara sem er í fjöru og netlögum landareigna. Hér er því reynt að heimfæra ákvæði laga sem eiga við um vernd og nýtingu auðlinda í þjóðareigu yfir á auðlindir sem enginn lögfræðilegur ágreiningur hefur verið um að teljist einkaeignarrétti undirorpinn. Það er í þessu sem undirritaður telur að meinbugir á tilgreindum lögum felast.

Það má reyndar ætla að höfundum frumvarpsins hafi verið þetta ljóst eða átt að vera það ljóst. Í greinargerð með frumvarpi til laga nr. 49/2017 segir að það gefi að mati ráðuneytisins ekki tilefni til að leggja mat á það hvort frumvarpið fari í bág við stjórnarskrá. Þar er þó engu að síður fjallað um hvort með lögunum sé „sneitt að eignarrétti fjörueigenda“ og komist að þeirri niðurstöðu að svo sé ekki þar sem um almenna takmörkun á athöfnum væri að ræða sem „leggst með sama hætti á alla í sömu stöðu“. Enginn greinarmunur er í lögunum gerður á því hvort um nýtingu einkaeignar er að ræða eða nýtingu á sameign íslensku þjóðarinnar á forráðasvæði ríkisins. Eins og að framan er rakið er ósamrýmanlegt að fjalla um meðferð einkaeignar í þessum lögum um nytjastofna í eigu íslensku þjóðarinnar. Verður það enn ljósara þegar litið er til þess að óumdeilt er að ytri mörk netlaga eru landamerki jarða sem liggja að sjó og eru netlögin háð einkaeignarrétti jarðareigandans og hann einn með rétt til hagnýtingar. Má um þessi mörk og þann greinarmun sem ber að gera vísa til laga nr. 73/1990, um eignarrétt íslenska ríkisins á auðlindum hafsbotsins, en þar segir í 1. gr.:

Íslenska ríkið er eigandi allra auðlinda á, í eða undir hafsbotninum utan netlaga og svo langt til hafs sem fullveldisréttur Íslands nær samkvæmt lögum, alþjóðasamningum eða samningum við einstök ríki.

Hugtakið auðlind samkvæmt lögum þessum tekur til allra ólífrænna og lífrænna auðlinda hafsbotsins annarra en lífandi vera.

Hugtakið netlög merkir í lögum þessum sjávarbotn 115 metra út frá stórstraumsfjöruþorði landareignar.

Í 15. gr. b. laga nr. 49/2017 er viðurkenndur eignarréttur landeiganda þar sem það er gert að skilyrði að leyfishafi hafi náð samkomulagi við hann áður en hafin er öflun sjávargróðurs innan netlaga hans. Af þessu leiðir að náist ekki samkomulag er öllum óheimilt að nýta sjávargróður innan netlaga, þ.á m. leyfishafa og landeiganda. Jarðir og þar með netlög hennar eru eign sem 72. gr. stjórnarskrárinnar lýsir friðhelgan og að ekki megi skylda að láta af hendi nema almenningsþörf krefji og til þess þurfi þá lagafyrirmæli og að fullt verð komi fyrir. Lög 49/2017 kveða ekki á um fyrirmæli um eignarnámsheimild en engu að síður er eigandi eignarinnar útilokaður frá nýtingunni. Lögin kveða heldur ekki á um almennar takmarkanir á eign innan netlaga sem allir eigendur yrðu að þola bótalaust enda verið að útiloka eigandann frá nýtingu á sama tíma og hún er afhent öðrum. Lögin kveða heldur ekki á um hvernig eigandinn eigi að fara með eign sína heldur hvernig sá, sem fengin eru umráðin og nýtingin, skuli fara með hana. Ósamrýmanlegt er að lög 49/2017 taki til fasteignar innan netlaga og augljósir meinbugir á lögunum að því sé þannig farið og sem beina þarf til Alþingis að leiðrétta.

Í greinargerð með frumvarpinu er réttilega bent á það að lagaákvæði á sviði fiskveiðistjórnunar falli fremur illa að sjávargróðri óbreytt þar sem aðstæður eru aðrar en við fiskveiðar. Það er þó meira en aðstæður sem eru aðrar - það er sjálf hugmyndafræðin að baki lögunum sem er önnur. Jafnframt er í greinargerðinni tekið fram að litið hafi verið til reglna um stjórn nýtingar á sjávargróðri í öðrum ríkjum,

m.a. Noregi og bera lögin með sér að þar sé fyrirmyndar leitað í ýmsum efnum. Í greinargerðinni segir að því er varðar norskan rétt að hins vegar hafi ekki verið settar reglur um slátt á þangi í Noregi og segir orðrétt "að því er virðist vegna þess að þangið er slegið fyrir eignarlöndum og aðeins eitt fyrirtæki virðist stunda sláttinn, Algea (www.algea.com).” Engin frekari umfjöllun er um ástæður þess að norsku lögin taki ekki til þangs og þara í eignarlöndum þó full ástæða hefði verið til þess við samningu laga nr. 49/2017. Í þessu sambandi skal tekið fram að ýmislegt er sammerkt í rétti Íslands og Noregs varðandi vernd og nýtingu auðlinda hafsins og eru þær samkvæmt löggjöf ríkjanna í sameign þjóðanna. Í Noregi gilda lög um auðlindir hafsins (havressursloven) um þang og þara og eru ítarlegri ákvæði um nýtingu í reglum frá 1995. Í 2. mgr. 1. gr. segir að reglurnar gildi ekki um svæði í einkaeign (n. *Forskriften gjelder ikke for områder underlagt privat eiendomsrett*) – ekki er verið að fjölyrða um það enda væri slíkt í hróplegu ósamræmi við markmið framangreindra heimildarlaga um auðlindir hafsins.


Undirritaður telur að breytingin feli í sér ólögmæta skerðingu á eignarrétti eigenda jarða sem liggja að sjó og nýtingu þeirra hlunninda sem þeim tilheyra. Ýmsir aðilar gerðu athugasemdir við frumvarpið þegar það kom frá sjávarútvegsráðuneytinu og þegar það var til meðferðar á Alþingi en fengu ekki hljómgrunn. Undirritaður telur að forkastanleg vinnubrögð við samningu frumvarpsins í ráðuneyti og við meðferð á Alþingi eigi ekki, þegar um slíka augljósa meinbugi á lögum að ræða, að þvinga landeigendur í kostnaðarsaman málarekstur fyrir dómstólum og vonandi þarf ekki til þess að koma.

Þar sem meinbugi á lögum nr. 49/2017 er að rekja til þess að þeim lögum sem þeim er ætlað er að breyta verður ekki beitt um auðlindir í einkaeign hefur það ekki alla þýðingu að tilgreina áhrif þess á einstök efnisákvæði og skýrir sig í raun sjálf. Jafnframt valda slíkir grundvallar meinbugir erfiðleikum við að skilja og hvað þá leiðréttá misræmi í einstökum ákvæðum og beiting þeirra er ófyrirsjáanleg. Vísað er til fylgiskjals nr. 1 þar sem í greinargerð með ályktun aðalfundar Æðarræktarfélags Íslands eru tilgreind sjónarmið hagsmunaaðila varðandi einstakar greinar frumvarpsins.

Undirritaður er ekki mótfallinn því að settar séu reglur um nýtingu og vernd þara og þangs í eignarlöndum en forsendur verða að vera réttar og skiptir þar mestu máli að það sé á réttum lagagrundvelli. Til þess að lagabreytingin sem felst í lögum nr. 49/2017 samræmist stjórnarskrá er það grundvallarforsenda að efnisákvæði þeirra taki ekki til lands í einkaeign. Það er síðan allt annað mál að ræða um efni ákvæða sem ætlað er að vernda sjávargróður í einkaeign, m.a. með stjórnun á nýtingu hans, þegar réttur lagagrundvöllur er til staðar.

Stykkishólmi, 10. október 2017

Virðingarfyllst,



Friðrik Jónsson

Friðrik Jónsson
Vikurgötu 1
340 Stykkishólmi
894 1514
fridrikj@simnet.is

Fylgiskjal 1: Ályktun og greinargerð Æðarræktarfélags Íslands frá aðalfundi 26. ágúst 2017.
Fylgiskjal 2: Lög nr. 49/2017, sem óðlast gildi 1. janúar 2018.

Fylgiskjal 2: Ályktun aðalfundar ÆÍ, greinargerð og skýringarmynd af fjöru

Ályktun

Aðalfundur Æðarræktarfélagss Íslands 2017 ályktar að í breytingum á lögum nr. 116/2006 um stjórn fiskveiða, sem varða öflun sjávargróðurs og taka gildi 1. janúar 2018, felist ólögmet skerðing á eignarrétti eigenda jarða sem liggja að sjó og þessi hlunnindi tilheyra, þ. á m. æðarbænda. Stjórn ÆÍ er falið að vinna að lausn málsins ásamt þeim æðarbændum sem málið varðar.

Greinargerð

Lögin eins og þau koma fyrir geta komið í veg fyrir að landeigandi sem ætlar að slá sitt eigið þang og vinna það sjálfur hafi möguleika á vinnslu á eigin auðlind. Sækja þarf um leyfi til að afla þangsins frá skipi, sækja þarf um leyfi til að taka á móti þanginu og magnið mögulega skert ef margar móttökustöðvar sækja um heimild til móttöku. Þá gera lögin ráð fyrir að landeigandi greiði skatt/veiðigjald sem rennur til ríkisins af nýtingu eigin auðlindar. Ennfremur verður að tryggja með lögnum að landeigandi innan svæðis geti ekki takmarkað nýtingu annarra landeigenda á sama svæði.

1. ENGINN MÁ STUNDA ÖFLUN Á SJÁVARGRÓÐRI Í ATVINNUSKYNI FRÁ SKIPI NEMA Hafa FENGIÐ TIL ÞESS SÉRSTAKT LEYFI SEM FISKISTOFA VEITIR Á SKIP.

Við gildistöku laganna þurfa landeigendur að sækja um leyfi til Fiskistofu til að afla sjávargróðurs á eigin landi noti landeigandinn til þess skip. Hér er verið að takmarka eignarrétt landeigenda þar sem farið er fram á að landeigandi sækji um leyfi til að nýta eigin landareign.

2. RÁÐHERRA ER HEIMILT AÐ SKIPTA NÝTINGARSVÆÐUM SJÁVARGRÓÐURS, UTAN NETLAGA SJÁVARJARÐA, Í TILTEKIN AFMÖRKUÐ SVÆÐI OG TAKMARKA ÖFLUN SJÁVARGRÓÐURS UTAN ÞEIRRA. ÞÁ ER HEIMILT AÐ BANNA TÍMABUNDIÐ ÖFLUN INNAN ÞESSARA NÝTINGARSVÆÐA TIL AÐ GEFA TÍMA TIL ENDURVAXTAR Á SJÁVARGRÓÐRI EFTIR NÝTINGU. ÁÐUR EN ÁKVARÐANIR ERU TEKNAR SAMKVÆMT ÞESSARI MÁLSGREIN SKAL AÐ JAFNAÐI LEITA UMSAGNAR HAFRANNSÓKNASTOFNUNAR, NÁTTÚRUFRAEÐISTOFNUNAR ÍSLANDS OG ANNARRA AÐILA EFTIR ATVIKUM, SVO SEM BREIÐAFJARÐARNEFNÐAR VIÐ NÝTINGU SJÁVARGRÓÐURS Í BREIÐAFIRÐI.

Tryggja verður að svæðisskipting nýtingarsvæða verði ekki til þess að ofnýting á einni jörð bitni á nýtingarrétti á nágrannajörð. Ef svæðisskipting er þannig að fleiri en ein landareign eru inni á sama svæðinu gæti ofnýting á einni landareign takmarkað nýtingu á annarri landareign. Þ.e. ef jarðir A og B eru innan sama nýtingarsvæðis sjávarjarða og takmarka þarf nýtingu vegna endurvaxtar á landareign A en ekki á landareign B verður að tryggja að jarðirnar séu á sitt hvoru nýtingarsvæðinu.

3. VIÐ 4. MGR. 9. GR. LAGANNA BÆTIST NÝR MÁLSLIÐUR, SVOHLJÓÐANDI: ÁKVARÐA SKAL VEIÐIGJALD FYRIR SJÁVARGRÓÐUR SEM HÉR SEGIR: 500 KR. Á HVERT LANDAÐ TONN KLÓÞANGS, HROSSAÞARA OG STÓRÞARA (BLAUTVIGT).

Hér er verið að skattleggja landeigendur fyrir nýtingu á eigin eign. Veiðigjald getur ekki á nokkurn hátt átt við þangslátt.

Þang er slegið af landareign en ekki veitt. Þang er í öllum tilfellum innan jarðamarka sjávarjarða þ.e. innan stórstaumsfjöruborðs. Þari er aftur á móti í sumum tilvikum utan netlaga og sumum tilvikum innan netlaga. Veiðigjald af þara utan netlaga er eina tilvikið sem gæti réttlætt innheimtu veiðigjalds.

Veiðigjald er gjald sem rennur til þeirra sem auðlindina eiga.

Landeigendur eru í öllum tilvikum eigendur þess lands þar sem þang vex. Sé veiðigjald innheimt ætti það því að renna til landeigandans.

Meðf. er sneiðmynd af fjöru sem skýrir hvar þang vex og hvar þari vex. Skýringarmynd AGJ.

4. SKIP SEM STUNDA ÖFLUN Á SJÁVARGRÓÐRI Í ATVINNUSKYNI SKULU LEGGJA UPP AFLANN Í MÓTTÖKUSTÖÐ FYRIR VIÐKOMANDI SVÆÐI SKV. 15. GR. C.

Þetta ákvæði kemur í veg fyrir að landeigendur geti ákveðið sjálfir við hvaða móttökustöð þeir eiga viðskipti við. Þegar móttökustöð fyrir ákveðið svæði er veitt heimild til móttöku á ákveðnu magni af sjávargróðri er um leið verið að afhenda móttökustöðinni kvóta til að vinna tiltekið magn af sjávargróðri sem getur falið í sér verðmæti fyrir móttökustöðina. Þ.e. móttökustöðin gæti mögulega selt þessi réttindi til þriðja aðila.

SVÆÐI TIL NÝTINGAR. 15. GR. B.

ÁÐUR EN SÁ SEM HEFUR LEYFI SKV. 15. GR. A HEFUR ÖFLUN SJÁVARGRÓÐURS INNAN NETLAGA SJÁVARJARÐAR ÞARF AÐ HAFA NÁÐST SAMKOMULAG VIÐ LANDEIGANDA UM HEIMILD TIL ÖFLUNARINNAR. RÁÐHERRA ER HEIMILT AÐ SKIPTA NÝTINGARSVÆÐUM SJÁVARGRÓÐURS, UTAN NETLAGA SJÁVARJARÐA, Í TILTEKIN AFMÖRKUÐ SVÆÐI OG TAKMARKA ÖFLUN SJÁVARGRÓÐURS UTAN ÞEIRRA. ÞÁ ER HEIMILT AÐ BANNA TÍMABUNDIÐ ÖFLUN INNAN ÞESSARA NÝTINGARSVÆÐA TIL AÐ GEFA TÍMA TIL ENDURVAXTAR Á SJÁVARGRÓÐRI EFTIR NÝTINGU.

Sjávargróður sem vex innan og utan netlaga er í öllum tilfellum þari. Þang vex í öllum tilvikum á landareign jarðeigenda þ.e. í fjörum. Netlögin taka við frá stórstraumsfjöruborði.

Í 15. gr. b þarf að vera skýrt við hvað er átt. Hér er eingöngu talað um að sá sem hefur öflun sjávargróðurs innan netlaga þurfi að hafa náð samkomulagi við landeiganda um heimild til öflunarinnar. Ekkert er kveðið á um að afla þurfi heimilda um öflun þangs úr fjörum.

Í lögnum er orðanotkunin "utan netlaga" villandi og ekki í takt við það orðalag sem tíðkast hefur á meðal sjávarjarðaeigenda. Tryggt þarf að vera að þegar talað er um "utan netlaga" að þá sé eingöngu átt við það svæði sem er fyrir utan sjávarjörð, fjöru og netlög sjávarjarða. Fjaran er landareign sjávarjarðaeigenda, við taka svo netlög sem tilheyra jörðinni. Þar fyrir utan er "utan netlaga". Þegar talað er um "innan netlaga" er eingöngu átt við það svæði sem netlögin fjalla um. Fjaran að stórstraumsfjöruborði er hluti lands og því hvorki innan né utan netlaga. Sjá meðf. skýrinarmynd af fjöru AGJ.

Þá er ekki samræmi í orðanotkun á þangi, þara og sjávargróðri. Í 5. gr. (15. gr.) a lið kemur eftirfarandi fram "Skip sem stunda öflun á sjávargróðri í atvinnuskyni skulu leggja upp aflann í móttökustöð fyrir viðkomandi svæði skv. 15. gr. c."

Í 15. gr. c er hinsvegar eingöngu kveðið á um móttöku á þangi.

Í 7. gr. a (I) lið langanna er eingöngu talað um þang en ekki minnst á þara eða annan sjávargróður.

Í 7. gr. b (II) lið er hinsvegar talað um sjávargróður.

Sjávarjarðaeigandi, sem nýtt hefur tekjur af þangslætti með því að slá sitt eigið þang eða leigt slægjurnar, þarf frá 1. janúar 2018 að greiða 500kr. til ríkisins vegna notkunar á eigin landi.

Tekjur eigenda af jörðinni Bjarneyjar á Breiðafirði voru árið 2016 277 kr. á blautvigtað tonn.

Tekjur eigenda af jörðinni Hvallátur á Breiðafirði voru árið 2016 milli 400-500 kr. á blautvigtað tonn.

Áform hafa verið um að landeigendur nýti eigið þang í eigin framleiðslu s.s. þangbrennslu skv. gömlum aðferðum við framleiðslu salts. Lögin takmarka slíkt þar sem landeigandinn þarf að sækja um leyfi til öflunar þangs á eigin landi. Eingöngu móttökustöðvum þangs er heimilt að taka á móti þangi skv. lögnum. Þá þyrfir landeigandinn að greiða ríkinu 500 kr. gjald fyrir þangöflun á eigin landi.

Í greinargerð með lögnum er m.a. vitnað til öflunar sjávargróðurs í Noregi. Í greinargerðinni er tekið fram að engar reglur hafa verið settar þar um slátt á þangi að því er virðist vegna þess að þangið er slegið fyrir eignarlöndum og aðeins eitt fyrirtæki virðist stunda sláttinn, Algea (www.algea.com).

Þetta er ekki kannað frekar þ.e. af hverju ekki eru settar reglur fyrir þangslátt í Noregi. Sömu rök eiga við á Íslandi og í Noregi. Þang er í öllum tilvikum slegið á eignarlandi.



Í Noregi er sjávargróðurs aflað í atvinnuskyni í flestum eða öllum fylkjum landsins. Stórþari er tekinn við ströndina frá Rogalandi til Suður-Þrændalaga, en klóþang frá Suður-Þrændalögum (eyjunni Frøya) til Nordlands-fylkis (Vesterålen). Settar eru allitarlegar svæðisbundnar reglur um stjórn við öflun á þara (n. taretråling), sem felur í sér að svæðum fyrir hvert fylki er skipt í ólík nýtingarsvæði, sem opnuð eru fyrir þaraslætti fimmta hvert ár samkvæmt nýtingaráætlunum. Ný svæði geta verið tekin til nýtingar ef umsækjendur geta sýnt fram á að nýtingin sé sjálfbær. Hins vegar hafa ekki verið settar

reglur um slátt á þangi að því virðist vegna þess að þangið er slegið fyrir eignarlöndum og aðeins eitt fyrirtæki virðist stunda sláttinn, Algea (www.algea.com).

Í Nova Scotia í Kanada er framkvæmd greining á lífmassa þangs, með aðstoð loftmynda og mælinga. Samtímis er greint hversu stór hluti þangs, á hverju nýtingarsvæði um sig, er aðgengilegur til sláttar. Það hlutfall er almennt nærri 40%. Fylkisstjórnin gefur út leyfi, til einstakra fyrirtækja, fyrir allstór svæði, til allt að 15 ára. Heimil nýting innan hvers svæðis er ákveðin sem massatala og ræðst af nýtingarhlutfalli. Þessi stjórn tekur mið af því að einungis er heimilt að handslá þang í Nova Scotia. Einn helsti eftirlitsþátturinn varðar það hlutfall plantna sem deyir við að festan er tekin með plöntunni og er áskilið við eftirlit að það hlutfall fari ekki yfir 8%.

NETLÖG SJÁVARJARÐA

Netlög er sá hluti sjávarjarða út í sjóinn sem er í einkaeign og er með stjórnarskrár- og lögvann atvinnu- og eignarréttindi varðandi auðlindanýtingu í netlögum eins og fiskveiðar. Skyring á netlögum er annarsvegar dýptarviðmið (6,88 m) sem gildir um fiskveiðar og fjarlægðarviðmið (115 m) sem gildir um aðra auðlindanýtingu, hvoru tveggja miðað við stórstraumsfjör.



Skúli Magnússon, lektor við lagadeild Háskóla Íslands vann í september árið 2001 állt að beiðni nefndar um endurskoðun laga um stjórn fiskveiða, um stjórnskipulega vemd fiskveiðiréttar sjávarjarða. Í állti Skúla á bis. B er eftirfarandi grein.

„Samkvæmt framangreindu er ótvírætt að við ákvörðun netlaga með hljóðsjón af fiskveiðirétti landeiganda ber að miða við dýptarreglu Jónsbókar, en ekki fjarlægðarreglu veiðitillskipunarinnar og síðari laga. Hvað varðar ýmis önnur mikilvæg réttindi landeiganda innan netlaga gildir hins vegar almennt reglan um 115 metra frá stórstraumsfjörumáli. Samkvæmt framangreindu ber að afa arka netlög sjávarjarða með hljóðsjón af fiskveiðirétti samkvæmt reglu 2. kafla rekaþáks Jónsbókar.“

NETLÖG SJÁVARJARÐA

SNÖ T F J Ö R U



Doqs. 20.08.2017

Mkv. D-000

Húskan 10H 33
Matlæknir Dr. med. DADR. DR. M. 0200

Máli: Asgeir Gunnar Jónsson

Teknab. AGJ

Tilfarla

Fylgiskjal 2: Lög nr. 49/2017

Nr. 49/2017

14. júní 2017

LÖG

um breytingu á lögum um umgengni um nytjastofna sjávar, lögum um stjórn fiskveiða og lögum um veiðigjald (öflun sjávargróðurs í atvinnuskyni).

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

I. KAFLI

Breyting á lögum um umgengni um nytjastofna sjávar, nr. 57/1996, með síðari breytingum.

1. gr.

Við 9. gr. laganna bætist ný málsgrein, sem verður 3. mgr., svohljóðandi:

Við öflun sjávargróðurs er ekki skylt að skilja meðafla frá, en ráðherra er heimilt að setja fyrirmæli í reglugerð um hvernig skuli staðið að eftirliti með skráningu hans og skoðun afla.

2. gr.

Við 10. gr. laganna bætist ný málsgrein, svohljóðandi:

Skipstjóri skips sem flytur sjávargróður frá skipum sem afla hans til löndunarhafnar skal halda aflanum sérgreindum þannig að færa megi aflann á rétt skip í aflaskráningarkerfi Fiskistofu.

II. KAFLI

Breyting á lögum um stjórn fiskveiða, nr. 116/2006, með síðari breytingum.

3. gr.

Við 2. gr. laganna bætast tvær nýjar málsgreinar, svohljóðandi:

Fyrirmæli II. og IV. kafla gilda ekki um sjávargróður.

Nýting sjávargróðurs skal, auk ákvæða í þessum lögum, vera í samræmi við lög um náttúruvernd, nr. 60/2013, og lög um vernd Breiðafjarðar, nr. 54/1995, eftir því sem við á.

4. gr.

Við 3. gr. laganna bætast fimm nýjar málsgreinar, svohljóðandi:

Hafrannsóknastofnun og Náttúrufræðistofnun Íslands skulu stunda rannsóknir og vöktun á sjávargróðri og vistgerðum, vistkerfum og lífríki sem tengist honum. Hafrannsóknastofnun skal vera stjórnvöldum til ráðgjafar um nýtingu sjávargróðurs, sbr. II. kafla A, og skal leita umsagnar Náttúrufræðistofnunar Íslands um ráðgjöf sína.

Ráðgjöf, rannsóknir og vöktun á nýtingu sjávargróðurs skal m.a. taka mið af 2. gr. laga um náttúruvernd um verndarmarkmið fyrir vistgerðir, vistkerfi og tegundir og lögum um vernd Breiðafjarðar.

Hafrannsóknastofnun og Náttúrufræðistofnun Íslands skulu gera vöktunaráætlun um nýtingu sjávargróðurs sem verður hluti af vöktun lykilkáttá íslenskrar náttúru í samræmi við 1. og 2. mgr. 74. gr. laga um náttúruvernd.

Hafrannsóknastofnun og Náttúrufræðistofnun Íslands er heimilt að gera samninga við aðra aðila, svo sem stofnanir, náttúrustofur eða háskólasetur, um framkvæmd einstakra rannsókna eða vöktunar eftir því sem við á. Hafrannsóknastofnun og Náttúrufræðistofnun Íslands skulu halda gagnagrunna um niðurstöður rannsókna og vöktunar og skulu niðurstöðurnar birtar reglulega og vera öllum aðgengilegar.

Ákvæði 1. og 2. mgr. gilda ekki um sjávargróður.

5. gr.

Á eftir II. kafla laganna kemur nýr kafli, II. kafli A, **Sjávargróður**, með þremur nýjum greinum, 15. gr. a – 15. gr. c, ásamt fyrirsögnum, svohljóðandi:

a. (15. gr. a.)

Leyfi til að afla sjávargróðurs.

Enginn má stunda öflun á sjávargróðri í atvinnuskyni frá skipi nema hafa fengið til þess sérstakt leyfi sem Fiskistofa veitir á skip. Leyfi þetta fellur niður hafi skip ekki verið notað við öflun sjávargróðurs í tólf mánuði og eins ef skip er fært af skrá sem Fiskistofa heldur um skip sem hafa leyfi samkvæmt þessari grein.

Ráðherra er heimilt að kveða á um að þeir sem taka sjávargróður í fjörum í atvinnuskyni, án þess að notast við skip, skuli skila skýrslu um tókuna til Fiskistofu.

Öll sömu fyrirmæli og gilda um fiskiskip og fiskveiðar skv. III., V. og VI. kafla laga þessara og öðrum lögum á sviði sjávarútvegs, m.a. um færslu afladagbókar, löndun, vigtun og skráningu afla, eftirlit með veiðum og greiðslu veiðigjalds, gilda, eftir því sem við á, um skip sem hafa leyfi skv. 1. mgr. og öflun sjávargróðurs frá þeim.

Heimilt er að setja skilyrði í leyfi skv. 1. mgr. er lúta að búnaði skipa, merkingum afla, áhrifum á sjávargróður og aðferðum við öflun hans.

Skip sem stunda öflun á sjávargróðri í atvinnuskyni skulu leggja upp aflann í móttökustöð fyrir viðkomandi svæði skv. 15. gr. c.

Ákvæði þessarar greinar gilda ekki um ræktun sjávargróðurs, sölvatekju eða aðra minni háttar töku sjávargróðurs sem nemur minna en 10 tonnum á ári, eftir því sem nánar er heimilt að mæla fyrir um í reglugerð.

b. (15. gr. b.)

Svæði til nýtingar.

Áður en sá sem hefur leyfi skv. 15. gr. a hefur öflun sjávargróðurs innan netlaga sjávarjarðar þarf að hafa náðst samkomulag við landeiganda um heimild til öflunarinnar.

Ráðherra er heimilt að skipta nýtingarsvæðum sjávargróðurs, utan netlaga sjávarjarða, í tiltekin afmörkuð svæði og takmarka öflun sjávargróðurs utan þeirra. Þá er heimilt að banna tímabundið öflun innan þessara nýtingarsvæða til að gefa tíma til endurvaxtar á sjávargróðri eftir nýtingu. Áður en ákvarðanir eru teknar samkvæmt þessari málsgrein skal að jafnaði leita umsagnar Hafrannsóknastofnunar, Náttúrufræðistofnunar Íslands og annarra aðila eftir atvikum, svo sem Breiðafjarðarnefndar við nýtingu sjávargróðurs í Breiðafirði.

c. (15. gr. c.)

Leyfi til starfrækslu móttökustöðvar fyrir þang.

Ráðherra er heimilt með reglugerð, að fenginni ráðgjöf Hafrannsóknastofnunar, að mæla fyrir um að enginn megi starfrækja stöð til móttöku þangs til þurrkunar og frekari vinnslu, í atvinnuskyni, frá tilteknum afmörkuðum svæðum nema hafa til þess leyfi Fiskistofu. Fiskistofa auglýsir eftir umsóknum um leyfi. Umsókn skal hafa að geyma áætlun um fjármögnun og uppbyggingu mannvirkja og annars búnaðar, upplýsingar um þekkingu forsvarsmanna á fyrirhugaðri starfsemi, rökstudda áætlun um aflamagn og hvernig staðið verði að öflun þangsins, þ.m.t. aðferðir við slátt, og áform um eignarumráð eða samstarf við eigendur skipa skv. 15. gr. a, auk annarra upplýsinga sem þýðingu geta haft skv. 2. mgr.

Berist umsóknir um leyfi til móttöku meiri afla en nemur ráðgjöf Hafrannsóknastofnunar, að teknu tilliti til allra aðstæðna, þ.m.t. áformaðra aðferða við töku þangsins, er heimilt að úthluta leyfum til takmarkaðs fjölda umsækjenda þannig að hver fái heimild til móttöku tiltekins afla á ári eða lengra tímabili. Við úthlutun skal leitast við að ekki færri en tveir aðilar hafi heimild til móttöku frá viðkomandi svæði. Þá er heimilt við mat á hæfni umsækjenda að líta til verk- og tækniþekkingar, fjárhagslegrar stöðu, framlags til rannsókna á þangi og vistkerfi stranda og áhrifa fyrirhugaðrar starfsemi á byggðir þar sem gætir langvarandi fólksfækkunar og einhæfs atvinnulífs.

Heimilt er að binda leyfi skv. 1. mgr. þeim skilyrðum sem þurfa þykir með tilliti til eftirlits með nýtingunni og skipulags nýtingar. Leyfishöfum er skylt að tilkynna um móttækinn afla, m.a. um hvar hann er tekinn, svo sem nánar er greint í reglugerð. Leyfi gilda til 15 ára í senn og skulu endurskoðuð, með tilliti til heimilaðs aflamagns o.fl., eigi sjaldnar en á fimm ára fresti. Heimilt er að breyta eða afturkalla leyfi hvenær sem er ef það telst nauðsynlegt til verndar umhverfinu eða til að endurskipuleggja stjórn nýtingar, sé um að ræða gróf eða endurtekin brot á lögum þessum, öðrum lögum á sviði fiskveiðistjórnar eða skilyrðum leyfis, sé leyfið ekki nýtt eða sé það aðeins nýtt í takmörkuðum mæli.

6. gr.

Á eftir orðunum „leyfi til strandveiða“ í 1. málsl. 24. gr. laganna kemur: eða leyfi til öflunar sjávargróðurs.

7. gr.

Við lögin bætast þrjú ný ákvæði til bráðabirgða, svohljóðandi:

a. (I.)

Ráðherra er heimilt að mæla fyrir um að starfræksla stöðva til móttöku á þangi frá Breiðafirði sé háð leyfi skv. 15. gr. c enda liggja fyrir ráðgjöf Hafrannsóknastofnunar um töku þangs í firðinum.

Þörungaverksmiðjan hf. á Reykhólum skal njóta forgangs umfram aðra umsækjendur við fyrstu útgáfu leyfa skv. 15. gr. c sem nemur allt að 20.000 tonnum alls. Óheimilt er að framlengja eða framselja heimildir veittar samkvæmt ákvæði þessu.

b. (II.)

Í samræmi við 3.–6. mgr. 3. gr. skal gera rannsóknar- og vöktunaráætlun fyrir lífríki Breiðafjarðar í tengslum við nýtingu sjávargróðurs til a.m.k. þriggja ára. Vakta skal áhrif nýtingar sjávargróðurs til frambúðar ef af henni verður. Í rannsóknar- og vöktunaráætlun skal leitast við að svara sem flestu um áhrif nýtingar sjávargróðurs á lífríki Breiðafjarðar en vistgerðir þangs og þara eru búsvæði fjölda tegunda sem eru mikilvægar jafnt fyrir vistkerfi fjarðarins í heild sem einstaka nytjastofna. Framkvæmd rannsóknar- og vöktunaráætlunar er ætlað að tryggja vistfræðilega nálgun við ákvarðanatöku og mat á vernd og sjálfbærri nýtingu sjávargróðurs í Breiðafirði.

Að þremur árum liðnum skal ráðherra hefja undirbúning að frumvarpi um sjálfbæra nýtingu sjávargróðurs í Breiðafirði sem taki mið af niðurstöðum rannsókna. Frumvarpið verði lagt fram á Alþingi eigi síðar en fimm árum eftir gildistöku þessa ákvæðis. Kostnaður við rannsóknir og vöktun samkvæmt ákvæði þessu greiðist úr ríkissjóði.

Úthluti ráðherra leyfum til nýtingar sjávargróðurs í Breiðafirði áður en rannsóknar- og vöktunaráætlun

liggur fyrir og tillögur um sjálfbæra nýtingu hafa verið samþykktar skal það aðeins gert til fimm ára í senn og að viðhöfðum ýtrustu varúðarsjónarmiðum.

c. (III.)

Hefja skal endurskoðun ákvæða um öflun sjávargróðurs í atvinnuskyni í lögum þessum, lögum um umgengni um nytjastofna sjávar og lögum um veiðigjald eigi síðar en 1. október 2020. Ákvæðin falla úr gildi 1. janúar 2023.

III. KAFLI

Breyting á lögum um veiðigjald, nr. 74/2012, með síðari breytingum.

8. gr.

Við 4. mgr. 9. gr. laganna bætist nýr málslíður, svohljóðandi: Ákvarða skal veiðigjald fyrir sjávargróður sem hér segir: 500 kr. á hvert landað tonn klóþangs, hrossaþara og stórþara (blautvigt).

9. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 2018, en þó er heimilt að hefja málsmeðferð til úthlutunar leyfa skv. a- og c-lið 5. gr. (15. gr. a og 15. gr. c) fyrir þann tíma.

Gjört á Bessastöðum, 14. júní 2017.

Guðni Th. Jóhannesson.
(L. S.)

Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir.

A deild - Útgáfud.: 19. júní 2017